

	<b>Hafnarfjarðarbær</b>
Innk:	22.5.2017
Málsnr:	1404083
Bréfal:	5711

Hafnarfjörður, 15. maí 2017

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar  
Bt: Berglind Guðmundsdóttir

Efni: Andmæli við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Ásvallabraut.

Við undirritaðir eigendur að hesthúsum við Hlíðarenda við Kaldárselsveg andmælum fyrirætlaðri legu Ásvallabrautar sem auglýst var 6. apríl síðastliðinn. Þar er gert ráð fyrir að hesthúsin að Hlíðarenda við Kaldárselsveg víki. Ljóst er að um er að ræða algert rask á aðstöðu okkar og fyrirhugað að framkvæma án nokkurs samráðs við eigendur.

Eigendur hafa ítrekað leitað eftir upplýsingum um fyrirætlanir bæjarins varðandi þessi hús en fengið misvísandi svör. Því eru það viss vonbrigði að skipulagsyfirvöld hafi ekki haft neitt samráð við eigendur við gerð þessa skipulags.

Árið 2014 voru stjórnarmenn Hesthúseigendafélagsins í samskiptum við Dr. Bjarka Jóhannesson sviðsstjóra/skipulags- og byggingarfulltrúa, þar sem á þeim tíma voru komnar fram hugmyndir um ofangreinda tengibraut (sjá viðauka 1.). Þá fengust þau svör að umrædd tengibraut myndi ekki raska staðsetningu húsanna en mögulegar framkvæmdir á þeim stað er húsin standa væru í höndum Vegagerðarinnar þar sem hún hefði umráðarétt yfir því landi. Því höfðu eigendur samband við Vegagerðina til að fá upplýsingar um fyrirætlanir hennar. Í svari sem okkur barst (sjá viðauka 2.) kemur fram að framkvæmdir á þessu svæði væru a.m.k. ekki fyrirhugaðar fram til ársins 2022. Því kemur það okkur í opna skjöldu að fyrri áætlunum hefur verið breytt með þessum afgerandi hætti. Meðal okkar eru eigendur sem nýlega hafa fest kaup á hesthúsum við Hlíðarenda og koma þessar fyrirætlanir sérlega illa við þá eins og reyndar við aðra eigendur hesthúsa.

Við óskum því eftir að ofangreint skipulag verði endurskoðað þannig að hesthúsin við Hlíðarenda fái að standa áfram líkt og önnur hús á svæðinu.

Við óskum jafnframt eftir að fá að skoða kostnaðargreiningu og arðsemisútreikninga á þessum og öðrum mögulegum vegstæðum sem skoðuð voru fyrir ofangreindar framkvæmdir.

Edvard S. Johansson

kt: 0608503809

Dagný Arnadóttir

kt: 031077-3629

Þeyr íslenskyrni.

kt: 081133-2639

Þórunn Þ. Magnúsdóttir

kt: 030266-5289

Selva Gudstjarnadóttir

kt: 210546-2439

Þórunn Á. Sigurðardóttir

kt: 060877-5569

Þjórk Angantýsdóttir

kt: 090269-5699

Þórunn Jónna Þórunn

kt: 170776-3729

Jón-Örn Angantýsdóttir

kt: 101179-5169

Silla Þórunn Þórunn

kt: 2006-35-3619

**Viðauki 1. Póstsamskipti við Bjarka Jóhannesson sviðsstjóra/skipulags- og byggingarfulltrúa 7.-9.1.2014**

Þorkatla Elín Sigurðardóttir torkatlaelin@gmail.com 7.9.2014  
8.1.2014

til Bjarki, agustakj, Guðrún

Sæll Bjarki

Við erum í hesthúsi við þennan svonefnda Alkohól en ekki í Hlíðarþúfum, við höfum lengi vitað að ofanbyggðarvegurinn ætti að liggja þar sem húsin standa í dag. Þar sem hann er ekki á vegaáætlun á næstunni en áætlað er að byggja tengibraut milli hverfa eru við að spyrja hvort þessi uppbygging sem fyrirhugað er að hefjist á næsta ári hafi áhrif á húsin okkar.

Kveðja Þorkatla

Bjarki Jóhannesson <bjarki@hafnarfjordur.is>  
204

til mín, agustakj, Guðrún

Sæl Ágústa

Tímasetning Ofanbyggðavegar er alls óviss. Hann yrði á forsvari Vegagerðarinnar, og eins og er hefur hún ekki sett hann á neinar áætlanir.

Varðandi tengibrautina er mun styttra í hana, en ég reikna ekki með að hún fari alveg nálægt hesthúsunum ykkar.

Kveðja,

-----  
Dr. Bjarki Jóhannesson  
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnarfjarðar

From: Þorkatla Elín Sigurðardóttir [mailto:torkatlaelin@gmail.com]  
Sent: 8. janúar 2014 10:29  
To: Bjarki Jóhannesson  
Cc: agustakj@hotmail.com; Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir  
Subject: Re: Vegna fyrirspurnar til bæjarstjóra  
FYRIRVARI / DISCLAIMER

Bjarki Jóhannesson bjarki@hafnarfjordur.is 9.1.2014

til Agusta, mín

Sælar aftur Ágústa og Þórkatla

Eins og ég sagði er tímasetning Ofanbyggðavegar er alls óviss. Hann yrði á forsvari Vegagerðarin-  
nar, og eins og er hefur hún ekki sett hann á neinar áætlanir. Hann kemur allavega ekki á næstu  
árum ef hann kemur yfirleitt. Við hjá Hafnarfjarðarbæ lifum í sömu óvissu með þetta og þið. Við  
teljum fulla þörf á honum, en Vegagerðin vill lítið af honum vita.  
Kveðja,

---

Dr. Bjarki Jóhannesson  
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnarfjarðar

From: Agusta [mailto:agustakj@hotmail.com]  
Sent: 7. janúar 2014 21:37  
To: Bjarki Jóhannesson  
Subject: RE: Vegna fyrirspurnar til bæjarstjóra

Sæll Bjarki.

Þakka þér fyrir skjót svör.

Það er nákvæmlega það sem að við vorum að fara fram á að vita hvort þessi Ofanbyggðavegur eða  
einhver annar vegur kæmi eða kæmi ekki.

Ég og Þórkatla sem vorum á fundi með bæjarstjóra þann 07.01.2014 erum 2 af 13 eigendum að hes-  
thúsunum að Hlíðarenda, öðru nafni Alkahóll. Hvorki ég né aðrir eigendur, að því er ég best veit,  
höfum fengið upplýsingar frá aðilum úr stjórn Sörla um þessar fyrirhuguðu vegaframkvæmdir yfir  
Hlíðarenda og áætlanir bæjarfélagsins í þeim efnun.

Í tölvupósti þínum kemur fram að vegurinn verður óbreyttur frá gildandi skipulagi. Við sem erum  
eigendur að hesthúsunum að Hlíðarenda höfum fengið mjög misvísandi svör í gegnum tíðina eftir  
því hverjir hafa stjórnað bæjarfélaginu um hvort að vegurinn yrði byggður eða ekki.

Af ofangreindum ástæðum myndi ég sjálfur vilja fá skýr svör um það hvernig áætlanir standa í dag  
varðandi tímamörk um að hefja lagningu vegarins. Það hlýtur að liggja í augum uppi að yfirvofandi  
áætlanir um slíkt hafa haft áhrif á seljanleika eignanna og kaupendur fást ekki að þeim vegna þeirra  
endalaus óvissu sem hefur verið uppi síðustu ár. Augljóslega hefur þetta einnig áhrif á vilja núve-  
randi eiganda varðandi viðhald o.fl.

Kveðja,  
Ólafur.

## Ofanbyggðavegur

From: [g.petur.matthiasson@vegagerdin.is](mailto:g.petur.matthiasson@vegagerdin.is)

Sent: Wed 1/08/14 10:02 AM

To: [agustakj@hotmail.com](mailto:agustakj@hotmail.com)

Sæll vertu

varðandi Ofanbyggðavegin þá hefur hann verið til umræðu áratugum saman

staðan núna sem snýr að Vegagerðinni er sú að vegurinn er ekki á 12 ára vegáætlun sem gildir til 2022

hins vegar er verið að vinna svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem er þá fjallað um staðsetningu þessa vegar og skipulagsyfirlögd í Hafnarfirði vita því mest um málið hvað það varðar í landi Hafnarfjarðar

vó tökum að einhverju marki þátt í þessari vinnu en sveitarfélögin á svæðinu hafa ekki verið alveg sammála um legu vegarins.

þá er líka spurning hvort hann eigi yfirleitt að vera þjóðvegur í þéttbýli (sem er forsenda aðkomu Vegagerðarinnar að málinu)

Þannig að lagning vegarins er ekki á dagskrá á næstunni, hins vegar er verið að vinna þetta svæðisskipulag þar sem væntanlega er tekið frá pláss fyrir veginn þótt hann yrði ekkert lagður á næstu árum eða jafnvel áratugum

en það er örugglega mikilvægt fyrir þig og aðra sem eiga hagsmuna að gæta að fylgjast með málinu núna og gera athugasemdir ef þarf, einmitt á þessu skipulagsstigi

en það ættu skipulagsyfirlögd í Hafnarfirði að aðstoða þig með

vona að þetta hjálpi eitthvað

bestu kveðjur



G. Pétur Matthíasson

upplýsingafultrú Vegagerðarinnar

Communication officer,

Icelandic Road and Coastal Administration (IRCA)

☎ +354 522 1008

☎ +354 865 3163

✉ [gpm@vegagerdin.is](mailto:gpm@vegagerdin.is)

🌐 [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

📍 Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík